

## Tillaga til 496. fundar bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar 16. júní 2022

Tillaga frá 1200. fundi bæjarráðs, sem fram fór 13. júní 2022, um að bæjarstjórn samþykki að ganga til samninga við KPMG um árangursstjórnun í fjármálum Ísafjarðarbæjar, í samræmi við verkefnatillögu KPMG, og á grundvelli framlagðs samnings.

### 1. Heildræn árangursstjórnun í fjármálum - 2022060019

Lagður fram tölvupóstur Magnúsar Kristjánssonar f.h. KPMG, dagsettur 11. maí 2022, ásamt verkefnatillögu KPMG um árangursstjórnun í fjármálum Ísafjarðarbæjar til samþykktar, auk draga að samningi um verkefnið.

Róbert Reynisson og Svanbjörn Thoroddsen mættu til fundar við bæjarráð í gegnum fjarfundabúnað til umræðu um verkefnistillöguna.

*Bæjarráð telur að mikilvægt sé að endurskipuleggja og bæta fjárhag sveitarfélagsins, og leggur til við bæjarstjórn að samþykkja að ganga til samninga við KPMG um árangursstjórnun í fjármálum Ísafjarðarbæjar, í samræmi við verkefnatillögu KPMG, og á grundvelli framlagðs samnings, með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum, en bæjarstjóra var falið að vinna þær frekar.*